

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. apríl 2014
Tilvísun: UST20140200232/ksj

Sveitarfélagið Ölfus – virkjun á Hellisheiði. Tillaga að áttundu breytingu á deiliskipulagi – matslýsing

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 26. febrúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi virkjunar á Hellisheiði.

Tillaga um breytingar


Fram kemur í lýsingu að tillaga felur í sér alls 25 breytingar. Virkjanasvæði á Hellisheiði mun stækka úr 1000 ha í 1030 ha. Helstu breytingar eru þær að skipulagssvæðið austan Gíghnúksvegur stækkar um 9,9 ha vegna fyrirhugaðrar stofnlagnar frá Hverahlíð að Hellisheiðarvirkjun. Einnig stækkar skilgreint iðnaðarsvæði Hellisheiðarvirkjunar og mun stækkunin ná yfir lagnaleiðina meðfram Gígahnúkavegi að Suðurlandsvegi, stækkunin er alls 27,2 ha. Önnur svæði munu minnka við breytinguna.


Umhverfispættir

Fram kemur í umfjöllun um þá umhverfispætti sem ætlunin er að fjalla um í væntanlegri umhverfisskýrslu, listi yfir þá þætti sem metnir verða til umhverfisáhrifa. Loft er einn þeirra þátta. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í umfjöllun um loft verði einnig komið inn á heilsu og öryggi.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við lýsinguna.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun